



Ferðapjónustan Hoffell
Hoffelli 2
781 Hornafirði

Hornafirði, 4. desember 2025
nr. erindis 202510088

FRAMKVÆMDALEYFI

Með vísan til 13 og 15 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkt á umsókn ykkar um framkvæmdarleyfi, sem samþykkt var í Bæjarstjórn sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 13. nóvember 2025 er ykkur veitt framkvæmdarleyfi.

Framkvæmdaraðili: Ferðapjónustan Hoffelli

Staðsetning: Jökulalda við áningarstað Hoffellslóni (AF8)

Framkvæmdarleyfi þetta er veitt til eftirfarandi framkvæmdar:

Jarðtæknirannsóknir, boraðar verða um 30 slagborholur og um 5 heildarboranir með jarðtæknibor. Rannsóknir skulu fara fram þegar lítilsháttar frost er í jörðu og mega ekki fara fram í úrkomu.

Gögn sem framkvæmdaleyfi byggir á:

- Hoffell – rannsóknarleyfi bréf dagsett þann 20.10.2025
- 108999-71-TEI-001-V00-Jardk-Holuplan dagsett þann 08.05.2025

Framkvæmd sem leyfi þetta nær yfir skal vera í samræmi við:

- Framkvæmdaleyfi vegna jarðtæknirannsókna
- Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Önnur skilyrði:

- Að framkvæmd sé í samráði við landeigendur og viðhafðir sé góð umgengni um framkvæmdasvæðið
- Að samráð sé haft við leyfisveitanda ef nokkrar breytingar verið á framkvæmdinni.
- Að ummerki séu afmáð og frágengin að rannsóknum loknum



Eftirlit.

Skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins Hornafjarðar eða staðgengill hans fara með eftirlit við þessa framkvæmd, sbr. 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Heimilt er að ráða til þess sérstakan eftirlitsaðila. Vakinn er athygli á að framkvæmdaleyfi á að vera til staðar á framkvæmdastað og eftirlitsaðili getur kallað eftir leyfi við eftirlit.

Gjald fyrir framkvæmdaleyfi er samkvæmt gjaldskrá embættis umhverfis- og skipulagsfulltrúa <https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/fjarmal/gjaldskrar/>. Verði leyfisgjald ekki greitt innan frests, fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess, sbr. 2. mgr. 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingafyllst

F.h. sveitarfélagsins Hornafjarðar

Gunnlaugur Róbertsson skipulagsfulltrúi

Kæruheimild:

Vakin er athygli á því að skv. 52. gr. laga nr. 123/2010 um mannvirki geta aðilar máls kært ákvörðun byggingarfulltrúa til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að aðila var kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og undirrituð, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Ef framkvæmdin hefst áður en kærufrestur er útrunninn gerir framkvæmdaðili það á eigin ábyrgð.

